

NJARÐARFRÉTTIR

Ritstjórar og ábyrgðarmenn Arnar Hauksson og Tómas Sigurðsson

3. tbl. 11. árg. - febrúar 2010

TIL HAMINGJU

MEÐ DAGINN....

Njarðarfréttir óska neðangreindum félögum til hamingju með afmælið:

Janúar:

Björgvín Björgvinsson f. 02.01.
Júlíus P. Guðjónsson * f. 06.01.
Arlíus E. Harðarson f. 17.01.
Björgvín Jónsson f. 28.01.

Febrúar:

Haukur Geir Gröndal f. 08.02.
Stefán Skaftason f. 18.02.
Símon Kjærnsted f. 18.02.
65 ára.
Jón Guðjónsson * f. 20.02.
Bjarni Sigurðsson f. 22.02.
40.ára



Blaðið nú er helgað myndum frá herra kvöldinu.

Njótið þess þið sem ekki komust.

Næst mætum við allir.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 3. febrúar n.k. kl. 18 á sama stað og venjulega.

Þorablótsfundur með óvæntri uppkomu og ef til vill betra að mæta með bílstjóra. Ekki veldur sá er varar.

HERRAKVÖLDIÐ

FRÁBÆR SKEMMTUN!

Kvöldið haldið í miðri kreppu. Hvergi var þó slegið af heldur ákvað Hörður að eggja sína men til frekari dáða og má segja að þessi sókn hafi skilað sér heldur betur.

Það er ekki hægt að gera upp á milli allra þeirra frábæru félaga sem komu að þessu kvöldi. Búið var að margsmakka matinn og krydda og betrumbæta og mátti sjá suma félaga fitna fyrir kvöldið af tómrí tilhlökkun.

Tónlist var strax við móttöku gesta flutt af þremur meðlimum í ORKESTER NORDEN. Heiðursgestir voru þeir BJÖRN ZOEGA, forstjóri LSH og STEFÁN YNGVASON, yfirlæknir Grensásdeildar en kvöldið var helgað þeirri stofnun.

Veislustjóri var GÍSLI EINARSSON, fjölmiðlamaður sem fór aldeilis á kostum og ekki skemmdi ræðumaður kvöldsins sjálfur GUÐNI ÁGÚSTSSON, fv. ráðherra og formaður Framsóknarflokksins fyrir með sinni grafalvarlegu fyndi. Hann margendurtók í ræðu sinni hve ötul starf þessi klúbbur ynni og að það væri vel ef hinir 63 fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi ynnu eins ötullega og

þessi klúbbur þá væri landinu vel borgið. Hann hvatti svo gesti til að taka vel í á málverkauppboðinu sem og happadrættinu.

GISSUR PÁLL GISSURARSON og ÞÓRA EINARSDÓTTIR, óperusöngvar áttu kröftuga innkomu og var fagnað gífurlega. Loks steig á stökk sjálfur íslandsmeistarinn í uppstandi ARI ELDJÁRN.

Málverkauppboð fór svo fram af mikilli röggsemd MAGNÚSAR okkar AXELSSONAR, sem náði góðum tókum á salnum og seldust öll verkin og var haft á orði að þessi verk væru einhverju jafnbestu verk sem boðin hefðu verið upp á einu uppboði hér á landi.

Allan tímann unnu okkar ágætu flugfreyjur við að selja happdrættismiða, en þær aðstoðuðu einnig við að krækja blómum í barm gest við komu sem og að halda á málverkunum á uppboðinu.

völd þetta var í alla staði til mikils sóma fyrir félaga Njarðar Hörð og hans menn alla – meira en helmingur klúbbsmeðlima kom að þessu kvöldi í einu formi eða öðru. Hafid þið heila þökk allir



Veislustjórinn, Gísli Einarsson, hélt uppi stuðinu með stanslausum gamansögum af sjálfum sér, eiginkonu og fjölskyldu ...



enda hlógu allir veislugestir stanslaust að gamansögum veislustjórans og ekki síður ræðumanns kvöldsins, Guðna Ágústssonar.



Félagar jafnt sem gestir þeirra skemmtu sér frábærlega eins og þessar prýðilegu myndir sýna. Njörður þakkar öllum velunnurum, listamönnum, fyrirtækjum, aðstoðarfólki að ógleymdum okkar frábæra Magnúsi Axelssyni, en án hans væri herrakvöldið ekki svipur hjá sjón.

STOFNFÉLAGI BAUÐ Í GEGNUM SÍMA



Þótt Sveinn Snorrason hafi slasað sig og ekki komist á herrakvöldið, lét hann það ekki aftra sér frá því að taka myndarlega þátt í kvöldinu í gegnum síma. Við óskum honum góðs bata.



HRÓSÍÐ FÆR....

Herrakvöldsnefndin með Hörð Sigurjónsson PCC, í broddi fylkingar.

Á DÖFINNI



Uppákoma í febrúar verður skemmtiferð til Lions klúbbs Grindavíkur samkvæmt félagabók en þar er von á góðum viðtökum fyrrum félaga Jóns okkar Gröndals formanns sem þar hélt til um skeið.

Mætið vel og sýnum þeim styrk okkar og eflum þeirra gleði með góðri mætingu.